

Reglur Háskólans á Akureyri um viðurlög við ritstuldi

I. kafli. Skilgreiningar og meginreglur

1. gr. Gildissvið og skilgreiningar

- Með *ritstuldi* er í þessum reglum átt við þá háttsemi þegar nemandi hagnýtir sér í heimildarleysi hugverk annarra eða líkt og væri eigið hugverk. T.d. með því að afrita beint eða óbeint texta úr ritsmið annars og setja í sína eigin án þess að það komi fram.
- Með *hugverki* er í þessum reglum átt við hvers lags áþreifanlegt eða óáþreifanlegt höfundarverk á borð við bækur, greinar, ritgerðir, aðrar ritsmiðar, myndir eða annað jafnt á prenti, tölvutæku formi eða á annars konar formi og tilheyrir tilteknum rétthafa þess.

2. gr. Almenn bann við ritstuldi

- Ritstuldur í hvaða formi sem er telst með öllu óheimil háttsemi í námi við Háskólann á Akureyri og varðar agaviðurlögum af hálfu skólans.

3. gr. Almenn skylda til að vísa til heimilda

- Sá sem hagnýtir sér hugverk annarra í eigin ritsmið eða öðru hugverki í þágu náms við skólann skal í sérhverju tilviki geta um hugverkið með því að vísa til heimilda.
- Vísun til heimilda getur ýmist átt sér stað í formi tilvísana neðanmáls, aftanmáls eða með öðrum viðurkenndum hætti á viðkomandi fræðasviði.
- Deildir skólans skulu uppfræða nemendur um rétta heimildanotkun og um þessar reglur. Sé nemandi óviss um rétta beitingu þeirra heimilda sem unnið er með í skólastarfinu skal leita leiðbeininga hjá viðkomandi kennara.

II. kafli. Brot gegn banni við ritstuldi og viðbrögð við þeim

4. gr. Brot gegn banni við ritstuldi

- Sá sem sannarlega hefur orðið uppvís að ritstuldi af stórfelldu gáleysi telst hafa sýnt af sér hegðun sem er *ámælisverð* háskólafólki.
- Sá sem sannarlega hefur orðið uppvís að ritstuldi í vondri trú og af ásetningu telst hafa sýnt af sér hegðun sem er *ósæmileg* háskólafólki.

5. gr. Viðurlög við ritstuldi

- Ritstuldur sem jafna má til hegðunar sem telst vera *ámælisverð* háskólafólki skal að jafnaði leiða til áminningar af hálfu deildarforseta og til skerðingar á einkunn fyrir viðkomandi námsþátt samkvæmt mati viðkomandi kennara.
- Ritstuldur sem jafna má til hegðunar sem telst vera *ósæmileg* háskólafólki skal að jafnaði leiða til áminningar af hálfu rektors og til ógildingar á þátttöku nemandans í viðkomandi námskeiði frá upphafi.
- Reglur þessar taka ekki til óverulegra mistaka við meðferð heimilda.
- Ítrekuð brot geta sætt frekari viðurlögum af hálfu rektors, þ.m.t. brottvísun úr skóla.

III. kafli. *Kærur og málsmeðferð vegna ætlaðs ritstuldar*

6. gr. Siðanefnd

1. Við Háskólann á Akureyri skal starfrækt *siðanefnd* sem fjallar um kærur vegna meintra tilvika um ritstuld en í nefndinni eiga sæti 5 fulltrúar úr hópi fastráðinna kennara.
2. Rektor tilnefnir einn fulltrúa í siðanefnd sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Deildarfundir háskóladeilda tilnefna sinn fulltrúann hver eða 4 alls, auk varamanna þeirra.
3. Fulltrúar í siðanefnd kjósa varaformann en rektor ræður ritara nefndinni til aðstoðar.
4. Þrjá fulltrúa þarf að lágmarki til að siðanefnd geti tekið ákvörðun í máli og ræður afl atkvæða lyktum máls en að öðru leyti gilda reglur VIII. kafla stjórnssýslulaga nr. 37/1993.
5. Siðanefnd skal halda málaskrá yfir ritstuldarbrot og varðveitir gögn sem henni berast.
6. Siðanefnd skal fyrir 1. október ár hvert skila yfirlitsskýrslu til háskólaráðs um starfsemi nefndarinnar undangengið skólaár, auk tillagna um breytingar á þessum reglum.

7. gr. Kvörtun um ritstuld til siðanefndar

1. Kennurum ber almennt að hafa eftirlit með því að ekki sé brotið gegn banni við ritstuldi og ber að beina kvörtun um slík meint tilvik til siðanefndar.
2. Að baki kvörtun skal búa hlutlæg könnun kennara á námsgögnum frá nemanda og skal þeim framvísað ásamt með stöðluðu kæruformi til ritara siðanefndar.
3. Kennara sem beinir kvörtun til siðanefndar ber að tilkynna deildarforseta um málið.

8. gr. Málsmeðferð fyrir siðanefnd

1. Siðanefnd skal taka kvörtun um ritstuld fyrir svo skjótt sem auðið er á fundi þar sem fjallað er um málið og skal það þá fá tiltekið málsnúmer til auðkenningar á því.
2. Siðanefnd skal leggja áherslu á að upplýsa mál m.a. með því að óska eftir frekari upplýsingum frá kennara ef þurfa þykir. Askilið er að haft sé samband við nemanda sem kvörtun beinist að, sem sé þá upplýstur um efni kvörtunar og fái að tjá sig um málið.
3. Að lokinni rannsókn skal siðanefnd kveða upp skriflegan úrskurð. Í úrskurði skal greina frá eftirfarandi atriðum og kaflaskipt í þessari röð:

- a) dagsetning úrskurðar, málsnúmer, að hverjum kvörtunin beinist og hvenær hún barst nefndinni.
- b) tegund máls – þ.e. hvert sér umkvörtunarefnið í einni setningu
- c) helstu málavextir og málsmeðferð sem fram hefur farið
- d) rökstuðningur fyrir niðurstöðu og þ.m.t. hvað telst vera nægilega sannað og hvernig
- e) niðurstaða í úrskurðarorði auk undirritunar nefndarmanna sem stóðu að niðurstöðu

9. gr. Ákvarðanir og tilmæli siðanefndar

1. Siðanefnd skal í úrskurðarorði ætíð skera úr um það hvort hin kærða háttsemi teljist sannarlega vera ritstuldur og um það hvort um *ámælisverða* (gáleysisbrot) eða *ósæmilega* (ásetningsbrot) háttsemi hafi þá verið að ræða.
2. Sé um gáleysisbrot að ræða skal siðanefnd í úrskurðarorði alla jafnan mælast til þess að deildarforseti veiti áminningu og að viðkomandi kennari virði brotið til lækkunar fyrir viðkomandi námsþátt að tiltölu við brotið en mat á einkunn er ætíð kennarans.
3. Sé um ásetningsbrot að ræða skal siðanefnd í úrskurðarorði alla jafnan mælast til þess að rektor veiti áminningu og að þátttaka nemandans í námskeiðinu verði ógilt frá upphafi.
4. Siðanefnd kemur úrskurðum á framfæri við viðkomandi deildarforseta sem annast nauðsynleg samskipti við viðkomandi nemanda, kennara og við skrifstofu rektors.
5. Málsefni fyrir siðanefnd eru trúnaðarmál hlutaðeigandi og ríkir um þau þagnarskylda.

6. Að öðru leyti vísast til gildandi laga og reglna um Háskólann á Akureyri.

10. gr. Gildistaka

Reglur þessar skal endurskoða að þremur árum liðnum frá samþykkt þeirra.
Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 29. maí 2006.

Þorsteinn Gunnarsson
rektor

Anna Þóra Baldursdóttir
varaforseti háskólaráðs